

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1985

29. apríl 1985

17

Nr. 10

LÖG

um breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 10. gr. laganna orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu við störf í almennri fiskvinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, lægsta starfsaldursþrepi, vegna hvernar vinnuviku sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans. Sé um að ræða fasta starfsmenn reiknast árið 52 tryggingavikur. Hjá öðrum starfsmönnum reiknast hverjar unnar 40 klukkustundir ein tryggingavika. Tryggingavikufjöldi sjómanna er skráningar- og/eða ráðningartími í skipsrúm.

2. gr.

7. töluliður 21. gr. laganna orðist svo:

Þeir sem stunda vinnu í eigin þágu sem gefur þeim tekjur eða tekjuígildi er a. m. k. samsvarar hámarksbótum atvinnuleysistrygginga á hverjum tíma.

3. gr.

1. málsg. 23. gr. laganna orðist svo:

Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu jafngilda launum fyrir 8 klukkustunda dagvinnu í almennri fiskvinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, miðað við starfsaldursþrep eftir 7 ár. Lágmarksdagpeningar eru $\frac{1}{4}$ hluti sömu launa.

4. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsg. sem verður 2. málsg. og orðist svo:

Nú nemur vinnuframlag manns ekki 425 dagvinnustunda lágmarkinu skv. framansögðu en viðkomandi hefur auk þess unnið eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 22/1981 og lög nr. 46/1981, og er þá heimilt að leggja saman dagvinnustundir unnar af viðkomandi og greiða bætur að tiltölu enda náist þannig a. m. k. 425 dagvinnustundir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

A 3